

Garðabæ 8. apríl 2018

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

Gunnar Valur Gíslason formaður

Efni bréfs:

Styrkumsókn vegna kóramóts og námskeiðs í Vancouver, Kanada

Kvennakór Garðabæjar leggur upp í ferð til Kanada í byrjun maí nk. til að taka þátt í Tapestry International 2018, kóramóti og námskeiði sem haldið er af kanadíska kvennakórnum Elektra í Vancouver.

Með bréfi þessu er sótt um styrk til Menningar- og safnanefndar Garðabæjar til að standa straum af hluta sameiginlegs kostnaðar kórsins vegna þátttöku í ofangreindu verkefni. Sótt er um styrk að upphæð 829.000,- krónur. Fjárhæðinni er ætlað að standa straum af sameiginlegum kostnaði vegna kórstjóra og píanóleikara. Eftirstöðvar af sameiginlegum kostnaði deilast jafnt niður á kórkonur sem jafnframt greiða hver og ein ferða- og gistikostnað auk námskeiðsgjalda og annars tilfallandi kostnaðar. Meðfylgjandi er kostnaðar- og tímaáætlun fyrir verkefnið til nánari glöggvunar.

Elektra & Tapestry International

Elektra er einn þekktasti kvennakór heims og stendur fyrir Tapestry International á þriggja ára fresti. Kvennakórar hvaðanæva úr heiminum sækja um þátttökurétt og velur Elektra einungis þrjá kóra úr hópi umsækjenda. Það er því gífurleg viðurkenning og heiður fyrir okkur í Kvennakór Garðabæjar að vera valdar til þátttöku, auk VOX Femina frá Bandaríkjunum og Frisches Ei frá Japan.

Verkefni Kvennakórs Garðabæjar á Tapestry International

Kvennakór Garðabæjar mun taka þátt í krefjandi námskeiði þar sem unnið verður með tónlist frá Kanada, Bandaríkjunum, Japan og Íslandi. Kórinn mun koma fram á tvennum tónleikum og flytja eigin efnisskrá þar sem megin áhersla er lögð á íslensk tónverk ásamt úrvali tónverka frá hinum Norðurlöndunum.

- Choral Threads Concert tónleikarnir fara fram í St. John's Shaughnessy Anglican Church í Vancouver föstudaginn 4. maí.
- Tapestry International Celebration Concert tónleikarnir fara fram í Christ Church Cathedral, dómkirkju borgarinnar í hjarta Vancouver laugardaginn 5. maí.

Sameiginlegur kostnaður

Kostnaður við kórstjóra og undirleikara:	krónur
Flug og hótél (kórstjóri, undirleikari)	280.000
Fullt fæði (kórstjóri, undirleikari)	120.000
Mótsgjöld (kórstjóri, undirleikari)	60.000
Laun m.v. taxta FÍH (kórstjóri)	201.000
Laun m.v. taxta FÍH (undirleikari)	168.000

Samtals **829.000**

Annar sameiginlegur kostnaður:	krónur
Myndataka	60.000
Námskeið Anci Hjúlström	190.000
Upptökur og stúdeóvinna	180.000
Kórbúningar	140.000
Keyptar nótur (USA, Kanada og Japan)	45.000
Prentun á kynningarefni	40.000
Gjafir til mótshaldara (íslenskar nótur)	40.000
Rútur (Ísland og Vancouver)	90.000

Samtals **785.000**

Heildar sameiginlegur kostnaður **1.614.000**

Kostnaður hvernar kórkonu:	krónur
Flug, hótél, mótsgjald ofl. per kórkonu	240.000
Hlutdeild hvernar kórkonu í sameiginlegum kostnaði	47.471

Samtals kostnaður hvernar kórkonu **287.471**

Tímaáætlun

	2017												2018				
	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí
Námskeið með Elektru í Barcelona																	
Nótnalestur																	
Æfingar																	
Undirbúningsnámskeið																	
Vinna við umsókn																	
Myndataka																	
Upptaka á íslenskum framburði/texta																	
Upptökur																	
Viðgerðir á búningum																	
Samskipti við Elektru																	
Ferðaskipulag																	
Verkefnastjórn og undirbúningur kórstjóra																	
Mót og námskeið í Kanada																	

Með vinsemd og virðingu fyrir hönd stjórnar Kvennakórs Garðabæjar,

Heiða Gunnarsdóttir, formaður
kvennakorgb@gmail.com